

Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 140/473
komudagur 28.11.2011

Reykjavík, 23. nóvember 2011

Félag leiðsögumanna þakkar umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis fyrir að leita til félagsins um umsögn við frumvarpi til laga um náttúruvernd (refsingar fyrir náttúruspjöll), 63. mál.

Félagið lýsir yfir stuðningi sínum við málið en gerir þá athugasemd að fésektir við umræddum spjöllum eru of lágar og leggur til að þær verði að lágmarki 500.000 kr.

Umræða

Ljóst er þó að ekki duga fésektirnar einar til að koma í veg fyrir náttúruspjöll sem þessi og leggur félagið til að reglulega og á markvissan hátt verði athygli landsmanna vakin á því að slík spjöll eru óafturkræf; náttúran verður aldrei söm á ný.

Nauðsynlegt er að hafa upp á þeim sem spjöllunum valda og að þeir greiði sektina, **til þess að þetta sé gerlegt þarf að auka sýnilega löggæslu til muna.** Ákjósanlegast væri að fésektirnar færu í sjóð sem nýttur væri til umbóta á náttúrusvæðum.

Einnig væri vel hægt að höfða í ríkari mæli til landsmanna um að stemma stigu við athæfi sem þessu og að þeir láti vita þegar þeir verða vitni að slíku athæfi. Þá má segja að landsmenn séu hluti af því eftirliti sem opinberir aðilar þurfa að sinna svo uppræta megi hegðun sem þessa. Á það má benda að landsmenn eru nú þegar að vinna á þann hátt, m.a. með því að nýta sér samfélagsmiðla og þaðan verða upplýsingarnar opinberar, dæmi:

http://mbl.is/frettir/innlent/2011/11/22/oafturkraefar_skemmdir_a_naturunni/

Félagið gerir jafnframt þá athugasemd að í gildandi lögum, sem og í þeim nýju, eru ákvæði sem eru þess eðlis að gerandinn er settur í þær aðstæður að meta sjálfur hættu á hugsanlegum skaða.

Dæmi: Utanvegaakstur er bannaður, nema á veturna þegar jörð er hulin snjó, eða jörð svo frosin að ekki er hætt á spjöllum. Félagið telur ekki stætt á því að treysta eigi á mat hvers og eins í eins viðkvæmu málefni og þessu. Frekar ætti að setja reglur sam banna allan akstur utan vega. Slíkar reglur eru í gildi í Noregi og vel mætti fara að dæmi Norðmanna. Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á að vafasamt hlýtur að teljast að ásættanlegt sé að bændur hafi ótakmarkað leyfi til að aka utanvega við smalamennsku.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags leiðsögumanna,

Hjalti Björnsson, formaður